

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nr. 45/2025.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 41. gr. samþykktarinnar:

a. 5. tl. breytist og orðast svo:

Héraðsnefnd Árnesinga bs. Héraðsnefnd Árnesinga starfar samkvæmt sérstökum samþykktum byggðasamlagsins. Nefndin fer m.a. með málefni almannavarna Árnessýslu skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008, Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar einn aðalmann og annan til vara í fulltrúaráð. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnafulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar í fulltrúaráð og annan til vara.

b. Við bætist nýr töluliður, nr. 19, svohljóðandi:

Brunavarnir Árnessýslu bs. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg reka saman byggðasamlagið Brunavarnir Árnessýslu bs., samkvæmt staðfestum stofnsamningi þess sbr. auglýsingu nr. 122/2025 sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Brunavarnir Árnessýslu bs. bera ábyrgð á þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélögin fara með og þeim skyldum sem lagðar eru á aðildarsveitarfélögin í þeim lögum sem gilda um brunavarnir, nú lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins. Fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hefur umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.

c. Við bætist nýr töluliður, nr. 20, svohljóðandi:

Tónlistarskóli Árnesinga bs. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg, reka saman byggðasamlagið Tónlistarskóli Árnesinga bs., samkvæmt staðfestum stofnsamningi þess sbr. auglýsingu nr. 121/2025 sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins. Fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hefur umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 7. júlí 2025.

F. h. innviðaráðherra,
Guðni Geir Einarsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2025